1861. verðlagi hèr í bænum, sem varla hefir verið nógu kunnugt höf-
9. júlím. undinum — þá er eigi að síður fèð ónóg til þess, að farið verði að byggja húsið, því það mundi nálega allt ganga til þess að koma upp húsinu, og yrði þá ekkert eptir í ýms nauðsynleg gjöld, t. a. m. til launa handa bókaverði, í brunabótagjald, til eldsneytis, lýsingar, m. m. Við þetta bætist, að nú sem stendur og fyrst um sinn verður ekki nauðsyn á sèrstaklegu bókhlöðuhúsi, með því til er rúmgott húsnæði í skólahúsinu sjálfu til að geyma í bókasafn skólans, og hefir því þótt rèttast að nema fyrst um sinn staðar við svo búið, en setja fèð á vöxtu þangað til það er orðið svo mikið, að óhult sè um, að það verði nóg til þess, sem það er ætlað til; þá verður og kominn tími til að skera úr því, hvort ástæða sè til að byggja hús handa prestaskólanum, og ef svo er, hvort það þá eigi að vera í sambandi við hús það, sem hèr er um rætt; en varla verður sagt, að enn sè kominn tími til að gjöra út um þetta.

Um leið og stjórnarráðið tilkynnir yður þetta, skal þess við getið, að gjafafè það, sem hèr er um rætt, hefir verið ritað í skuldabrèfabók þá, sem búin var til samkvæmt auglýsing fjárstjórnarinnar 20. septemberm. 1859, og að þegar búið er að gefa út skýrteini um þetta, þá verður það skjal geymt hjá þeim manni, sem er fèhirðir fyrir stjórnarráð konungsríkisins.

---

11. júlím. **40. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um að hann gegni störfum konungsfulltrúa á alþingi.**

Dómsmálastjórnin hefir reyndar enga skýrslu fengið frá yður, herra stiptamtmaður, um það, hvernig þèr ætluðuð að fara að við alþingi, er enginn var skipaður konungsfulltrúi eptir fráfall Melsteðs amtmanns, þá er þingið átti að byrja 1. þ. m.; en þó nú stjórnarráðið ekki efist um, að þèr þegar af eigin hvöt hafið sett þingið, og að öðru leyti gegnt skyldum þeim, er konungsfulltrúa ber að gegna, þá hefir þótt rèttast að láta ekki póstskipið í þetta skipti fara svo til Íslands, að yður sè ekki

tilkynnt, að stjórnarráðið álítur það vitaskuld, að þèr, eptir því 1861.
sem nú er ástatt, án þess yður hafi sèrstaklega verið fengið 11. júlím.
vald til þess, komið fram á alþingi sem konungsfulltrúi og gegnið öllum þeim störfum, sem á honum hvíla, og skal því með brèfi þessu, í von um að hans hátign konungurinn síðar fallizt á það, lagt samþykki á, að þèr, eptir því sem gjört er ráð fyrir, til þessa hafið gegnt köllun konungsfulltrúa, og yður veitt vald til að halda áfram að gegna þeim starfa.

Þess skal við getið, að þeir 1,000 rdl., sem Melsteð amtmanni voru fengnir til umráða, sem konungsfulltrúa, og um er rætt í brèfi dómsmálastjórnarinnar til yðar 31. maím. þ. á., má landfógetinn nú greiða úr jarðabókarsjóðnum eptir fyrirmælum yðar, og gegn kvittun af yðar hendi, og verjið þèr fènu til kostnaðar þess, sem því er samfara að vera konungsfulltrúi á alþingi.

---

41. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu á Íslandi, um styrk til jarðabóta. 11. júlím.

Samkvæmt því, sem farið er fram á í brèfi yðar, herra amtmaður, 29. desemberm. f. á., leyfir dómsmálastjórnin, að Friðbirni Bjarnarsyni sè veittur 100 ríkisdala styrkur úr búnaðarsjóði norður- og austurumdæmisins, til að halda áfram jarðabótum þeim, er faðir hans var byrjaður á, en aptur á mót sè hann skyldaður til að veita öðrum kennslu í landbúnaði. Þetta sè yður til vitundar gefið, sjálfum yður til leiðbeiningar, og til þess þèr gjörið það, er þarf í því efni.

---

42. Brèf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna á Íslandi, um sameining Grímstungu brauðs við Undirfell. 27. júlím.

Eptir uppástungum kirkju- og kennslustjórnarinnar, er samkvæmar voru brèfi yðar, herra stiptamtmaður, og yðar, há-